

**498. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 31. maí 2016
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar, engar athugasemdir voru gerðar og skoðast því fundurinn lögmætur.

Dagskrá:

1. 1605028 - Fundargerð 385

Fundargerð til kynningar.

2. 1605038 - Uppbygging á strandblakvelli

Sveitarstjórn fagnar þeim áhuga sem bréfitari sýnir uppbyggingu á Strandblakvelli og felur sveitarstjóra að vinna að málinu. Samþykkt samhljóða.

3. 1605036 - Lánasjóður sveitarfélaga, Lanasamningur.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 55.000.000 kr. til 15 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir við hitaveitu og kaup á stjórnsýsluhúsi, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Indriða Indriðasyni, kt: 180465-4489, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Tálknafjarðarhrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. Samþykkt samhljóða

4. 1605033 - Samráðsfundur aðildarsveitarfélaga Náttúrustofu Vestfjarða

Samþykkt að Indriði Indriðason, sveitarstjóri, fari með atkvæði Tálknafjarðarhrepps á fundinum.

5. 1605032 - Beiðni um umsögn ; Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum. Fyrstu skref

Sveitarstjórn fagnar þeirri vinnu sem unnin hefur verið og mun leggja fram umsögn innan tilskilins tíma.
Samþykkt samhljóða.

6. 1605020 - Erindi vegna byggðakvóta í Tálknafjarðarhreppi

Samkvæmt álit frá ráðuneyti er sveitarstjórn ekki heimilt að breyta úthlutunarreglum byggðakvóta á yfirstandandi fiskveiðarári. Sveitarstjórn falið að finna fundartíma með bréfitara.
Samþykkt samhljóða.

7. 1605019 - Umsókn um leyfi til kattahalds

Umsóknin er samþykkt, og er umsækjandi hvattur til að kynna sér reglur um kattahald í Tálknafirði. Ef um fjölbýlishús er að ræða þarf að liggja fyrir samþykki allra íbúa hússins, að því uppfylltu þá verður leyfið veitt.
Samþykkt samhljóða

8. 1605041 - Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps 2015, síðari umræða.

Haraldur Reynisson og Auðunn Guðjónsson endurskoðendur frá KPMG eru í síma og skýra niðurstöður ársreiknings.

Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps fyrir árið 2015 var tekinn til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar mánudaginn 2. maí og vísað til seinni umræðu en samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikning sveitarfélags á tveimur fundum sveitarstjórnar.

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, það er A og B hluta, sbr 60. gr laga nr. 138/2011.

Í A hluta er öll starfsemi sem að hluta, eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en auk Aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta eru Félagslegar íbúðir, Fráveita, Vatnsveita, Hafnarsjóður, Fasteignafélagið 101 Tálknafjörður og Hitaveita.

Samkvæmt rekstrarreikningi 2015 námu heildartekjur A hluta 275.341 þús.kr. samanborið við 248.956 þús. kr. árið 2014 í A hluta og er hækkun um 10,5%. Í A og B hluta námu heildartekjur 310.321. þús.kr. samanborið við 298.051 þús.kr.og er hækkun 4,0%. Rekstrargjöld í A hluta eru 268.030 þús. kr. samanborið við 235.230 þús.kr. árið 2014. Hækkun frá fyrra ári nemur 14,% í A og B hluta 282.391 þús.kr., samanborðið við 252.898 þús. kr. á árinu 2014. Hækkun frá fyrra ári nemur 12,%. Fjármagnsgjöld í A hluta voru 7.221 þús.kr samanborið við

fjármagnstekjur að upphæð 1.193 þús. kr. 2014. Í A og B hluta 13.930 þús kr.samanborið við 8.324 þús.kr. árið 2014.

Rekstrarniðurstaða ársins er því neikvæð í A hluta að upphæð 8.301 þús. kr. samanborið við jákvæða rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 12.534 þús. kr. fyrir 2014. Í A og B hluta er rekstrarniðurstaða neikvæð að upphæð 1.066 þús kr. samanborðið við jákvæða rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 35.367 þús.kr. á árinu 2014. Sveitarstjórn staðfestir ársreikning

Tálknafjarðarhrepps fyrir árið 2015.

Samþykkt samhljóða.

9. 1605040 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir þau mál sem efst eru á baugi.

10. 1605039 - Þinggerð 61. Fjórðungspings vestfjarða

Til kynningar.

11. 1605034 - Ársreikningur Bsvest 2015.

Til kynningar.

12. 1605029 - Ársreikningur 2015

Til kynningar.

13. 1605021 - Umsókn um lán

Til kynningar.

14. 1605014 - Staðfesting á móttöku umsóknar um fjárveitingu vegna styrks 2016

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.20.
